



ÍþRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð Reykjavíkur

Reykjavík 8.5. 2019

Efni: Óskir Fjölnis um fleiri æfingatíma í parketsal Egilshallar.

Að beiðni framkvæmdastjóra ÍTR hefur ÍBR farið yfir óskir Fjölnis um aukin afnot af parketsal í Egilshöll. Reykjavíkurborg hefur greitt leigu til Regins vegna afnota Fjölnis af helmingi salarins og vegna örfárra tíma sem Þróttur og Fram nota í hinum helmingnum. Fjölnir hefur lagt fram drög að æfingatöflum þar sem fram kemur að félagið hyggst áfram nota Dalhús, hætta með Rimaskóla og nýta báða parketsalina í Egilshöll.

Miðað við að Fjölnir er ekki lengur með tíma í Rimaskóla eða a.m.k. mjög fáa og miðað við reglur ÍTR og ÍBR um styrki vegna æfinga og keppni í íþróttamannvirkjum þá er í aðalatriðum hægt að samþykkja óskir Fjölnis um aukið tímamagn í parketsalnum í Egilshöll. ÍBR gerir ráð fyrir að tímar vegna æfinga Þróttar og Fram verði áfram í töflu fyrir parketsal í Egilshöll enda þurfa bæði félög á þessum tímum að halda, Fram vegna þess að ekki eru salir í Grafarholti þar sem heimilt er að vera með harpix og Þróttur vegna þess að margir tímar falla niður í Laugardalshöll.

Með kveðju,

f.h. ÍBR

Frímann Ari Ferdinandsson

Framkvæmdastjóri